

**M-76/2010 Álit 28. júlí 2010**

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 28. júlí 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-76/2010:

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 3. júní sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna stækkunar á tveimur giftingarhringjum sem framkvæmd var hjá versluninni Y. Álitsbeiðandi segir aðgerðina hafa mistekist og krefst þess að fá endurgreiddan þann kostnað sem hún greiddi. Þá vill hún að fyrirtækið lagi hringinn sér að kostnaðarlausu, en hringurinn hafi verið keyptur í Úkraínu. Sé það ekki hægt vill hún fá nýjan hring.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 9. júní sl., gaf kæruneftndin Y kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 22. júní. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 23. júlí sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni eru gefnar svofelldar upplýsingar um það hringa sem beðið var um stækkun á:

„Stækkun á tveimur giftingarhringum. Karlmannshringur úr gulli og kvenmannshringur úr hvítagulli með gervidemöntum allan hringinn (heill að innan svo möguleiki var á áletrun). Borgað var um 3.000 kr. með peningum og kr. 6.200 með debetkorti. Hún fékk ekki kvittun en lætur fylgja yfirlit yfir kortafærslur úr heimabanka.

Ágreiningsefninu er lýst á eftirfarandi hátt:

„Þegar hringarnir voru sóttir voru þeir ekki skoðaðir, en þegar heim var komið kom í ljós að kvenhringurinn var enn of lítill, steinarnir í honum orðnir mattir og búið að gera göt í gegnum hringinn við hvern stein, sem útilokar möguleika á áletrun. Farið var og kvartað og tóku þau við hringnum aftur og sögðu að steinarnir væru skítugir, en hringurinn hafði verið mjög lítið notaður. Þegar hringurinn var sóttur í annað sinn var búið að hreinsa steinana, en hringurinn var enn of lítill og henni sagt að ekki væri hægt að laga götin inni hringnum. Einnig var sagt að hringurinn hefði verið stækkaður um hálfu stærð sem henni hafði verið upphaflega sagt að væri ekki hægt bara hálfar stærðir. En þegar hann var mældur kom í ljós að hann var enn í stærð 53 (17). Þegar álitsbeiðandi reyndi að tala við B til að fá lausn á málinu vísaði hann henni út úr versluninni og var dónalegur. Álitsbeiðandi var aldrei spurð hvort það væri í lagi að gera göt á hringinn.“

#### IV

##### Niðurstaða kærunefndarinnar

Þegar kom að afgreiðslu málsins eftir að ljóst var að seljandi þjónustunnar skilaði ekki andsvörum fór ritari kærunefndarinnar þess að leit við álitsbeiðanda að nefndin fengi hringinn eða hringana til skoðunar. Álitsbeiðandi varð ekki við þeirri beiðni. Kærunefndin ritaði því álitsbeiðanda bréf, dags. 8. júlí sl., svohljóðandi:

Vísað er til beiðni þinnar um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa sem hún móttók 3. júní sl. og er vegna galla sem þú segir vera á lagfæringu á giftingarhring sem framkvæmd hafi verið hjá Y. Hinn 9. júní sl. ritaði kærunefndin Y/B bréf og gaf honum kost á að andmæla kröfum þínum sem kærunefndin skildi svo að þú vildir fá endurgreidda þá fjárhæð sem þú greiddir fyrirtækinu og fyrirtækið lagaði hringinn eða legði þér til nýjan hring.

Kærunefndinni bárust ekki andsvör frá Y. Það út af fyrir sig kemur ekki í veg fyrir að kærunefndin gefi álit sitt í málinu. Hins vegar er nefndinni nauðsynlegt að fá hringinn til að láta skoða hann til þess að geta gefið álit í málinu og fer þess leit að þú komir honum til undirritaðrar fyrir föstudaginn 16. júlí nk. Fáir nefndin hringinn ekki til skoðunar getur hún ekki annað en vísað beiðni þinni frá sér, sbr. ákvæði í 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Álitsbeiðandi varð heldur ekki við þessum skriflegu tilmælum kærunefndarinnar. Kærunefndin telur útilokað að hún geti sagt álit sitt á ágreiningi aðila nema að fá þann hring til skoðunar sem ágreiningurinn sýnist varða. Því er annað óhjákvæmilegt en að vísa álitsbeiðninni frá kærunefndinni, sbr. ákvæði 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

#### IV

##### Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir